



Alþingi - nefndasvið
Hildur Edwald

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um vistvæn opinber innkaup á matvöru, 43. mál.

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 19. febrúar 2019, þar sem Reykjavíkurborg er gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn um framangreint þingmál. Eftirfarandi er umbeðin umsögn.

Gera verður athugasemdir við að umrædd tillaga verði samþykkt á Alþingi í þeirri mynd sem hún er sett fram. Helgast sú afstaða bæði af lagatæknilegum sjónarmiðum sem og staðreyndum sem gilda um markað fyrir matvöru.

Með setningu laga um opinber innkaup nr. 120/2016 voru innleiddar í íslenskan rétt margvíslegar heimildir til að leggja umhverfis- og félagsleg sjónarmið til grundvallar í opinberum innkaupum. Rétt þykir að benda á að í þeim lögum eru nákvæmar málsmeðferðarreglur um umhverfis- og félagslega eiginleika sem opinberir kaupendur geta lagt til grundvallar við opinber innkaup sín. Ljóst er að meginregla laganna í þessu samhengi er sú að opinberir kaupendur geta aðeins gert kröfur á þessu sviði sem eru í samræmi við efni samnings, sbr. t.d. 1. mgr. 49. gr. og 5. mgr. 79. gr. laga um opinber innkaup. Þannig er kaupanda heimilt að gera kröfur til sérstakra umhverfis- eða félagslegra eiginleika í tæknilýsingum, forsendum fyrir vali tilboðs eða skilyrðum varðandi framkvæmd samnings með tilteknum takmörkunum m.a. að slíkar kröfur verði einungis viðmiðanir sem tengjast efni samnings og séu til þess fallnar að skilgreina eiginleika vörunnar sem samningur fjallar um, sbr. 50. gr. laga um opinber innkaup. Öllum slíkum kröfum til sönnunar verður að krefjast framlagningar viðhlítandi gagna af hálfu bjóðanda, sbr. 51. gr. laga um opinber innkaup. Á opinberum kaupanda hvílir auk þess sú skylda að tryggja möguleika á virkri samkeppni meðal bjóðenda, sbr. t.d. 15. gr., 3. mgr. 49. gr. og 6. mgr. 79. gr. laga um opinber innkaup. Í ljósi framangreindra ákvæða laga um opinber innkaup verður ekki annað séð en að í nógildandi lagaumhverfi sé mögulegt að ná fram nauðsynlegum stefnumálum á sviði umhverfis- og félagslegra stefnumarkmiða svo fremi sem þau eru í samræmi við efni samningsins og tryggi virka samkeppni meðal mögulegra bjóðenda. Framangreindum takmörkunum til grundvallar liggja meginreglur íslensks útboðsréttar sem og alþjóðlegar skuldbindingar.

Rétt þykir að vekja athygli á að Reykjavíkurborg setur fram umhverfis-skilyrði í rammasamningum sínum, þar á meðal í samningum um matvæli. Skilyrði sem sett eru í samninga um matvæli eiga að tryggja öryggi neytenda fyrst og fremst en einnig er leitast við að uppfylla vistvænar áherslur og kröfur sem tengjast réttindum starfsmanna viðkomandi bjóðanda. Sem dæmi má nefna að krafa er í öllum útboðsgögnum þess efnis að bjóðendur hafi gilt starfsleyfi svo öryggi matvara sé tryggt.

Þá má benda á að Reykjavíkurborg gerir kröfur í útboðsgögnum á fersku hráefni (kjöt og

fiskur) þess efnis að viðsemjendur láti á hverju ári, rannsaka vörur ekki sjaldnar en tvisvar sinnum, til að sýna fram á að þær uppfylli þau skilyrði um innihald sem skilgreind eru í verklýsingum og þá sérstaklega örverufjölda. Auk þess sem gerðar eru kröfur um efnisinnihald umbúða, umbúðir skulu ekki innihalda pólývínýlklóríð (PVC) eða plastefni úr öðrum tegundum klóraðra efna. Þá er að jafnaði óskað eftir að lífrænt ræktaðar vörur séu sérstaklega merktar til að einfalda val neytenda. Jafnframt eru gerðar kröfur um meðferð og flutning kælivara og bifreiða sem flytja vöruna.


Í innkaupum opinberra aðila er heimilt að óska eftir að vara eða þjónusta beri viðurkennt umhverfismerki en þurfa samt sem áður að heimila að bjóðandi vísi fram upplýsingum um að varan eða þjónustan uppfylli skilyrði sem umhverfismerkið snýst um, sbr. 49. -51. gr. laga um opinber innkaup. Það er þá hlutverk opinberra kaupandans að staðreyna að upplýsingar frá bjóðanda séu réttar.

Vakin er sérstök athygli á að ekki eru til nein umhverfismerki sem framleiðendur geta óskað eftir að nota á framleiðslu sína sem snúa að dýravelferð a.m.k. á Íslandi. Opinberir kaupendur þurfa því að koma sér upp eftirliti með öllum framleiðslum á dýraafurðum til að tryggja að hugað hafi verið að hag dýranna allan líftímann.

Við útboð á fiskafurðum er krafa um að varan beri merki MSC en merkið gefur til kynna að ekki sé um að ræða fiskitegund sem er í útrýmingarhættu og að framleiðsluaðferðir sem notaðar eru verndi líffræðilegan fjölbreytileika hafsins, sjálfbærar veiðar. Merkið felur ekki í sér lífræna vottun.

Í ljósi alls framangreinds telur Reykjavíkurborg að ekki sé tímabært að gera kröfu um að ávallt sé skylt að taka tillit til dýravelferðar og umhverfisverndar. Til staðar þurfa að vera viðurkennd umhverfismerki vottuð af til þess bærnum aðila sem opinberir kaupendur geta notað sem sönnun fyrir þeim kröfum sem ætlast er til að vörur og þjónusta uppfylli.

Virðingarfyllst



f.h. Fjármálastjóra

Jóhanna Eirný Hilmarsdóttir, deildarstjóri